

Fimmtudaginn 22. september 2016.

Nr. 88/2016.

Tónlistarskólinn í Reykjavík

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Kristbjörg Stephensen hrl.)

Stjórnarskrá. Sveitarfélög. Sjálfseignarstofnun. Málsástæða.

T krafðist þess að viðurkennt yrði að R bæri greiðsluskyldu á launakostnaði T vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar við kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleyk og miðstigi og framhaldsstigi í söng nánar tiltekin skólaár. Ágreiningur málsins laut að því hvort sú ákvörðun R að hætta fjárvstuðningi við T vegna kostnaðar við kennslu í fyrrgreindu námi hefði verið lögmæt, en sú ákvörðun hefði verið tekin i kjölfar samkomulags Í og S um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Í dómi Hæstaréttar kom fram að 8. og 10. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla yrðu ekki skilin svo að í þeim fælist fortakslaus skylda sveitarfélaga til að fjármagna tónlistarkennslu allra þeirra sem slíkir skólar ákvæðu að veita kennslu og að þeim væri óheimilt að setja nokkrar skorður í þeim eftum. Var R því sýknað af kröfum T.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Greta Baldursdóttir og Helgi I. Jónsson og Ingveldur Einarssdóttir settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málínu til Hæstaréttar 4. febrúar 2016. Hann krefst þess að viðurkennt verði að stefndi beri greiðsluskyldu á launakostnaði áfrýjanda vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar við kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleyk og miðstigi og framhaldsstigi í söng fyrir skólaárin 2011 til 2012, 2012 til 2013 og 2013 til 2014. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I

Málsatvikum eru gerð greinargóð skil í hinum áfrýjaða dómi, en eins og þar er rakið er áfrýjandi sjálfseignarstofnun sem hefur starfað samkvæmt skipulagsskrá frá árinu 1997. Samkvæmt 4. gr. skipulagsskrárinna fyrir skólann byggir hann starfsemi sína á fjárveitingum samkvæmt lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í þeim lögum eru ýmis ákvæði um hvernig kostnaðarþátttöku sveitarfélaga er hátt að varðandi sjálfstætt starfandi tónlistarskóla. Þannig segir í 8. gr. þeirra að tónlistarskólar sem eigi eru reknir af sveitarfélögum skuli senda áætlun um

kennslu á næsta fjárhagsári til viðkomandi sveitarstjórnar ekki síðar en 1. maí ár hvert. Í 2. mgr. 8. gr. laganna er kveðið á um að sveitarstjórn skuli taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert. Jafnframt segir í 10. gr. laganna að tónlistarskólar sem eigi eru reknir af sveitarfélögum skuli fá greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólastjóra í samræmi við rekstaráætlun og þær breytingar sem verði á launatöxtum í samræmi við kjarasamninga.

Í kjölfar samkomulags íslenska ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms voru forsvarsmenn tónlistarskóla í Reykjavíkurborg upplýstir um þá ákvörðun stefnda að hætta fjárstuðningi vegna kennslu í hljóðfæranámi á framhaldsstigi og söngnámi á mið- og framhaldsstigi. Samkvæmt þjónustusamningi við áfrýjanda 5. september 2012, er tók gildi 1. sama mánaðar og gilti til 31. ágúst 2015, tók fjárstuðningur stefnda aðeins til kennslukostnaðar vegna nemenda á grunn- og miðstigi í hljóðfæranámi og grunnstigi í söng. (3,98)

Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort sú ákvörðun stefnda að hætta fjárstuðningi við áfrýjanda vegna kostnaðar við kennslu í hljóðfæranámi á framhaldsstigi og söngnámi á mið- og framhaldsstigi hafi verið lögmæt.

II

Fallist er á með héraðsdómi, að sú málsástæða áfrýjanda er lýtur að þýðingu þess að rétt eintak reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla hafi ekki legið frammi við undirritun þjónustusamnings aðila 5. september 2012, hafi verið of seint fram komin og komist því ekki að við úrlausn málsins, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Fyrir Hæstarétti tefldi áfrýjandi þeirri málsástæðu að ekki lægi fyrir formleg ákvörðun stefnda þess efnis að fella niður þær greiðslur sem ágreiningur málsins lýtur að vegna skólaársins 2011 til 2012 og eigi því greiðsluskylda stefnda vegna þess skólaárs að vera óumdeild. Þessari málsástæðu var ekki haldið fram undir rekstri málsins í héraði. Að því gættu er ekki fullnægt skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 til að hún fái komist að hér fyrir dómi.

III

Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum og hafa sjálfsforræði á eigin tekjustofnum, sbr. 78. gr. stjórnarskráinnar. Þeim er og skylt að gera ráð fyrir útgjöldum sínum í árlegri fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr. sveitarstjórmarlaga nr. 138/2011,

þar með talið áætluðum fjárlátum til tónlistarskóla. Í þessu ljósi ber að túlka framangreind ákvæði laga nr. 75/1985, sem fela í sér þá skyldu sveitarfélags að styðja við tónlistarkennslu í sjálfstætt starfandi tónlistarskólum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þau verða á hinn bóginn ekki skilin svo að í þeim felist fortakslaus skylda sveitarfélaga til að fjármagna tónlistarkennslu allra þeirra sem slíkir skólar ákveða að veita kennslu og þeim sé óheimilt að setja nokkrar skorður í þeim eftirnum. Er því fallist á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að ekki verði af lögum ráðið að sú skylda hvíli á stefnda að veita fjármunum sínum til áfrýjanda á þann hátt sem krafist er í málinu eða að slík greiðsluskylda verði ráðin af einkaréttarlegum skuldbindingum aðila. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur, en um málskostnað fyrir Hæstarétti fer eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tónlistarskólinn í Reykjavík, greiði stefnda, Reykjavíkurborg,
500.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Rétt endurrit staðfestir

22.09.2016

Gjald: 750 kr.



